

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 352/1983, fyrir Sjúkraliðaskóla Íslands
og um réttindi og skyldur sjúkraliða.

1. gr.

17. gr. orðist svo:

Skólinn skal annast framhaldsmenntun sjúkraliða. Skulu sjúkraliðar eiga kost á viðbótarnámi í sérhæfðum greinum og taki það að jafnaði 3—6 mánuði. Skólinn skal árlega leggja áætlun um framhaldsnám fyrir ráðherra til staðfestingar. Ráðherra skal jafnframt staðfesta námsskrá fyrir hverja grein framhaldsnámsins.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 8. gr. hjúkrunarlaga nr. 8/1974, öðlast þegar gildi og sæti endurskoðun fyrir 1. mars 1990.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 17. mars 1987.

Ragnhildur Helgadóttir.

Páll Sigurðsson.

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðiseftirlit á starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Eyjafjarðar
samkv. 5. gr. 6. tl. laga nr. 109/1984.

1. gr.

Upphæð eftirlitsgjalda samkv. 4. gr. gjaldskrár nr. 157/1985, með breytingu nr. 36/1986 verði sem hér segir:

1. flokkur	kr. 5 000
2. flokkur	kr. 11 000
3. flokkur	kr. 21 000
4. flokkur	kr. 33 000

2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarfélögum á svæði Heilbrigðiseftirlits Eyjafjarðar staðfestist hér með samkvæmt 5. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 20. mars 1987.

F.h.r.

Ingimar Sigurðsson.

Soffía Magnúsdóttir.